LÖG

20
6. júlí

um

breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. málsgr. og a-lið 1. gr. laganna skal orða svo:

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 500 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann, enda hafi kærandi getið þess í sáttakærunni, að hann muni, ef sátt kemst ekki á, krefjast úrskurðar sáttanefndar.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist tveggja króna gjald til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í, ef kröfuupphæð fer fram úr 50 kr., en að öðrum kosti ein kr. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.